

# **Persónuverndaryfirlýsing**

## **Leikskólinn Strandheimar**

### **1. Almenn**

Strandheimum er annt um friðhelgi einstaklinga og tekur persónuvernd mjög alvarlega. Leikskólinn leggur mikla áherslu á að meðferð persónuupplýsinga sé ávallt í samræmi við gildandi persónuverndarlöggjöf. Í þessari persónuverndaryfirlýsingu má sjá hvaða persónuupplýsingum Strandheimar safnar um einstaklinga og í hvaða tilgangi. Þá má hér finna upplýsingar um aðra viðtakendur upplýsinganna og hvað þær eru geymdar lengi. Auk þess má hér finna upplýsingar um á hvaða grundvelli leikskólinn safnar persónuupplýsingum, hvaða réttinda einstaklingar njóta og fleiri mikilvægar upplýsingar sem tengjast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

### **2. Hvað eru persónuupplýsingar og vinnsla persónuupplýsinga?**

Með persónuupplýsingum er átt við allar upplýsingar sem hægt er að rekja til tiltekins einstaklings svo sem upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang, netfang, símanúmer, fjárhag, heilsufar, IP tölu og fleira.

Með vinnslu persónuupplýsinga er átt við alla meðferð og notkun persónuupplýsinga svo sem söfnun, skráningu, varðveislu, breytingu og eyðingu.

### **3. Um hverja safnar Strandheimar persónuupplýsingum?**

Til að geta starfað með eðlilegum hætti og sinnt skyldum sínum verða Strandheimar að safna og vinna með persónuupplýsingar um mismunandi hópa einstaklinga. Þær persónuupplýsingar sem leikskólinn hefur undir höndum geta verið um leikskólanemendur, foreldra, forráðamenn, starfsmenn og aðra þriðju aðila sem nauðsynlegt er að eiga samskipti við.

### **4. Hvaða persónuupplýsingum safnar leikskólinn?**

Strandheimar safna ólíkum persónuupplýsingum eftir því hvaða hóp einstaklinga er um að ræða. Undir öllum kringumstæðum leitast leikskólinn við að safna einungis þeim persónuupplýsingum sem nauðsynlegar eru með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar.

Leikskólinn safnar grunnupplýsingum um leikskólanemendur eins og nafni, kennitölu, heimilisfangi og öðrum upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna dvalarsamnings. Auk þess þarf leikskólinn að halda utan um viðveru leikskólanemenda. Jafnframt safna Strandheimar myndefni sem gefur til kynna hvað leikskólabörn gera á skólatíma. Einnig safnar leikskólinn nauðsynlegum tengiliðaupplýsingum um foreldra.

Þá safnar leikskólinn nauðsynlegum upplýsingum um starfsfólk eins og nafni, kennitölu, heimilisfangi, símanúmeri og bankaupplýsingum. Einnig heldur leikskólinn utan um viðveru þeirra. Strandheimar kalla eftir sakavottorði til að framfylgja lagaskyldu sem á leikskólanum hvílir en í lögum um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að við ráðningu í leikskóla skuli liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

Þá þarf leikskólinn að halda til haga nauðsynlegum tengiliðaupplýsingum, svo sem nafni og netfangi, um aðra þriðju aðila.

Í ákveðnum tilvikum þarf leikskólinn að safna viðkvæmum persónuupplýsingum um nemendur, til dæmis upplýsingum um heilsufar þeirra og þroska. Einnig þarf leikskólinn að safna viðkvæmum persónuupplýsingum um starfsfólk, til dæmis upplýsingum um stéttarfélagsaðild. Jafnframt þarf leikskólinn að halda utan um veikindaskráningar starfsmanna. Sérstök aðgát er höfð við meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga.

## **5. Af hverju safna Strandheimar persónuupplýsingum?**

Undir flestum kringumstæðum safna Strandheimar persónuupplýsingum í þeim tilgangi að uppfylla lagaskyldu sem á leikskólanum hvílir, aðallega skyldu samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Í ákveðnum tilvikum þarf leikskólinn að vinna með persónuupplýsingar, til dæmis um starfsmenn, til að hægt sé að efna samning við viðkomandi aðila.

## **6. Lagagrundvöllur fyrir vinnslu persónuupplýsinga**

Strandheimar safna og vinnur persónuupplýsingar á eftirfarandi lagagrundvelli:

- Til að uppfylla lagaskyldu sem á leikskólanum hvílir.
- Til að uppfylla samningsskyldu, til dæmis við starfsfólk.
- Samþykki einstaklinga, til dæmis í tengslum við myndatöku og myndbirtingar í leikskólanum.
- Til að gæta að lögmætum hagsmunum leikskólans.

### **7. Hve lengi geyma Strandheimar persónuupplýsingar?**

Strandheimar er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Vegna þess er leikskólunum óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið þeirra laga nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem Strandheimar vinna með afhentar Héraðskjalasafni Árnessinga á fimm ára fresti samkvæmt skjalavistunaráætlun.

### **8. Frá hverjum safna Strandheimar persónuupplýsingum?**

Strandheimar safna persónuupplýsingum um leikskólanemendur frá foreldrum/forráðamönnum. Í ákveðnum tilvikum þarf leikskólinn að safna upplýsingum frá þriðju aðilum, til dæmis sérfræðingum af ýmsu tagi. Þegar aflað er upplýsinga frá þriðja aðila munu Strandheimar leitast við að upplýsa foreldra/forráðamenn um það.

### **9. Hvenær miðla Strandheimar persónuupplýsingum til þriðju aðila og af hverju?**

Strandheimar miðla persónuupplýsingum aðeins til þriðju aðila sem ráðnir eru til að vinna fyrir fram ákveðna vinnu, svo sem þjónustuveitendur sem halda utan um rafræn upplýsingakerfi. Í þeim tilfellum er gerður vinnslusamningur við viðkomandi aðila. Slíkur samningur kveður meðal annars á um skyldu hans til að fylgja fyrirmælum leikskólans um meðferð persónuupplýsinga og er honum óheimilt að nota þær í öðrum tilgangi. Jafnframt ber honum skylda til að tryggja öryggi upplýsinganna með viðeigandi hætti.

Þá ber að geta þess að samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 skulu persónuupplýsingar sem fyrir liggja um einstakt barn í leikskóla og sem þykja nauðsynlegar fyrir velferð og aðlögum þess

í grunnskóla fylgja barninu þegar það hefur nám í grunnskóla enda er krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Í öðrum tilvikum getur einnig verið nauðsynlegt fyrir leikskólann að miðla persónuupplýsingum til þriðju aðila, til dæmis þegar skylda stendur til þess samkvæmt lögum, svo sem Ríkisskattstjóra vegna launaútreikninga starfsmanna og ef tilkynna þarf um aðstæður barns til barnaverndaryfirvalda.

### **10. Flutningur persónuupplýsinga út fyrir Evrópska efnahagssvæðið**

Strandheimum er kunnugt um að ströng skilyrði gilda um flutning persónuupplýsinga til ríkja sem staðsett eru utan Evrópska efnahagssvæðisins. Leikskólinn gerir það ekki undir neinum kringumstæðum nema fullnægjandi heimild standi til þess samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

### **11. Öryggi upplýsinganna**

Strandheimar leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra öryggisráðstafana til að tryggja öryggi persónuupplýsinga í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Felur það meðal annars í sér að aðeins þeir starfsmenn hafa aðgang að persónuupplýsingum sem þess þurfa starfs síns vegna.

Auk þess stuðlar leikskólinn að aukinni vitundarvakningu hjá starfsmönnum með reglulegri þjálfun og fræðslu um hvernig gæta skal að öryggi persónuupplýsinga.

### **12. Réttindi einstaklinga**

Hafi einstaklingar veitt samþykki fyrir vinnslu tiltekinna persónuupplýsinga eiga þeir rétt samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 að afturkalla samþykki sitt hvenær sem er. Sá réttur hefur þó ekki áhrif á lögmæti þeirrar vinnslu sem fram fór áður en samþykki var afturkallað. Þá njóta þeir einnig annarra réttinda, svo sem réttar til að vera upplýstir um vinnslu, réttar til aðgangs að gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að persónuupplýsingum verði eytt, réttar til að hindra að unnið verði með

persónuupplýsingar um þá og réttar til að flytja eigin upplýsingar. Hafa skal í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

### **13. Samskiptaupplýsingar Strandheima**

Nafn: Leikskólinn Strandheimar

Heimilisfang: Blómsturvellir 1, 825 Stokkseyri og Túngata 39, 820 Eyrarbakki

Netfang: [strandheimar@arborg.is](mailto:strandheimar@arborg.is)

### **14. Persónuverndarfulltrúi**

Hafi einstaklingar frekari spurningar um persónuverndaryfirlýsingu þessa geta þeir ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúann okkar. Þetta eru samskiptaupplýsingarnar hjá honum:

Sigríður Vilhjálmsdóttir

Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfoss

Netfang: [personuvernd@arborg.is](mailto:personuvernd@arborg.is)

### **15. Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd**

Dragi einstaklingar í efa að Strandheimar meðhöndli persónuupplýsingar þeirra í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 hafa þeir rétt til að senda erindi til Persónuverndar ([www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)).

### **16. Endurskoðun á þessari persónuverndaryfirlýsingu**

Persónuverndaryfirlýsing þessi var unnin í samvinnu við persónuverndarfulltrúa Árborgar og skal endurskoðuð eftir þörfum í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum og reglugerðum, eða ef breytingar verða á því hvernig Strandheimar vinna með persónuupplýsingar. Persónuverndaryfirlýsing þessi var endurskoðuð síðast þann 7. apríl 2022.